

ÞÓNÝALL

I

Bók þessa hefi ég þannig nefnt, af því mér hefir virst í meira lagi tvísýna á að hún mundi geta komið, og er þó raunar ekki alveg útséð um það ennþá. En þrátt fyrir allt, er þó sumt sem hér má lesa, af meiri skilningi skráð og víðara yfirliti en nokkuð sem áður hefir sést eftir mig. Það hefir aldrei neitt hik verið á vilja mínum til þess að reyna að auka skilning minn á tilverunni, og forðast það sem orðið gæti til að blekkja þá sem gaum vilja gefa orðum mínum. Og ekki heldur á löngun minni til að skrifa sist þannig að ósamboðið sé því sem best er í fortíð og möguleikum þess máls sem ég óska að verði nægilega mikils metið til þess að hver menntamaður um alla jörð telji sér skylt að geta lesið það.

II

Þó að bók þessi sé að nokkru leyti minningarit, í sambandi við 75 ára afmæli, þá er aðalerindið enn sem fyrr að greiða fyrir skilningi á þeim tímamótum sem nú eru, og reyna til að sýna framá, hvernig mætti með tilstyrk nokkurrar nýrrar þekkingar, skipta svo um í sögu mannkynsins sem þörf er á.

Sá skilningur má nú heita algengur orðinn, að aldrei hafi jafn þýðingarmiklir úrslitatímar verið og nú, og má þar t. d. vitna í hina fjörlega rituðu bók Bandaríkjamannsins Grove Wilson, um mikla vísindamenn, ævi þeirra og uppgötvanir: Great Men of Science, their lives and discoveries. Segir þar í lokakaflanum, s. 388—89: Starfið að rannsókn á stjörnunum er aðeins leikur; ódeilið (the atom) (þ. e. rannsókn á því) er alvaran. Og ef sú gáta verður ráðin, þá fæst með því

hin sanna bylting til bóta — ef lánið er með. En ef svo er ekki, þá getur svo farið, að ráðning þessa ægilega leyndardóms sprengi mannkynið burt úr tilverunni, og jafnvel jörðina sjálfa sundur í frumefni sín . . .

Þessu líkt rita, nú orðið, margir, og sameiginlegur þeim sem ég hefi séð slíkt eftir, er algerður skilningsskortur á því, hversu nauðsynlegt er að líffræðin komi hér við sögu. Úr hættunum er vissulega ekki of mikið gert, því að það er óhætt að segja, að eins og nú er stefnt, eru framundan meiri skelfingar en dæmi eru til í sögu mannkynsins áður. En hitt er eins víst, að stefnunni má breyta svo að stýrt verði til betri framtíðar mannkyns vors, en nokkur hefir látið sér til hugar koma. Og verða Íslendingar að eiga þar upptökin, eins og Rutherford skotski hefir fyrir spáð.

III

Ég hefi í flestu því sem hér er áður ritað, verið að reyna að greiða fyrir skilningi á þessu aðalefni. Og ekki þykir mér ólíklegt, að mörgum muni ekkert þykja óvarlegar sagt en það, að mér hafi tekist að fá glöggan skilning á því, hvernig sigra megí ellihrórnun og dauða. En þó er þetta satt, og er jafnvel óhætt að segja, að sá skilningur liggi nokkuð beint við, þegar tekist hefir að komast á hina réttu leið, sjá til sanns hversu ranglega hefir stefnt á jörðu hér, og hversu þó vel mætti, með tilstyrk nokkurrar nýrrar þekkingar, breyta um til réttrar áttar. Það er því óvarlegra fyrir mig að tala um sigur á elli og dauða, sem helst eru horfur á því, að ég muni sjálfur ekki eiga langt eftir ólifað; og mundi ég jafnvel telja það alveg víst, ef menn reynast mér ekki mun betur héreftir en hingað til. Því að hinn mikli sigur verður ekki unninn án mikils fylgis. Og er það fylgi nú raunar auðvelt að veita þeim sem fullan hug hafa á því að meta meir sannleik og góðvild, en lygi og níðingsskap. Og trúá má mér til þesss, að ég óska þes af alhug, að ekki sé lagður trúnaður á það sem mér kynni — sakir ónógrar dómgreindar eða þekkingarskorts — að verða á að segja svo, að ekki væri rétt.

IV

Reynt hefir verið að koma á mig því orði, að ég sé haldinn einhverri tegund brjálsemi. Ég kveinka mér satt að segja við að minnast á þetta. Ekki þó mín vegna, heldur af því, að þarna kemur fram svo mikið af því hugarfari sem níðinglegast er og helstefnulegast; og ættu þeir sem ekki eru sjálfir svo skapi farnir, að þeir vilji heldur vera andskotans megin, að hafa á því alla varúð, að þeir styðji ekki af gáleysi þá lygi sem svívirðilegust er og skaðlegust. En svo er vissulega þar sem verið er að reyna til að koma í veg fyrir, að tekið sé mark á orðum manns, sem hefir fram að færa sannindi, sem í mesta lagi ríður á að menn færi sér í nyt. Hefir lygi þessi og það athæfi sem hún styðst við, bakað mér þau vandræði, sem mjög hafa komist nálægt því að vera óbærileg. En til marks um að ég segi satt, má hafa þetta. Ef svo skyldi reynast, að ég ætti aðeins skammt eftir ólifað, þá munu ekki löngu eftir dauða minn, hefjast hér manndráp; og nefni ég þar það sem verst er af öllu, þó að annarra illra tíðinda muni einnig verða að geta.

V

En nú ætla ég heldur að gera ráð fyrir því sem skemmtilegra er. En það er, að margir verði til að taka á greind sinni og góðvild gagnvart mér og erindi mínu, margir muni lesa þessa bók, og jafnvel halda því fram — sem satt er — að enginn geti sér að skaðlausu látið hana ólesna. Afleiðingin mundi verða sú, að ég gæti náð þeim samböndum sem nauðsynleg eru. (Sbr. kaflann um björgun mannkynsins, í Framnýal). Ég mundi þá bráðlega fara að yngjast, líkt og Swedenborg þegar hann var um áttætt, eins og sagt er af hér áður. Mundi ég þá á níráðisaldrinum ekki verða gamlaðri en svo sem væri ég milli fertugs og fimmtugs, enda væri slíkt nauðsynlegt vegna verks míns. En ekki er þetta svo að skilja sem mig langi til að dvelja lengur á þessari jörð en nauðsynlegt er. Ég þyrfti meðal annars að kynnast jörðu vorri mun betur en ég hefi átt kost á hingað til, eins og áður hefir verið vikið á. Og enginn skal ætla, að ég einn mundi

þannig hafa sigrað ellina; allir sem mér hefðu — með trausti sínu á sannleikanum — þann styrk veitt sem nauðsynlegur er til að vinna þann sigur, mundu fá þátt í honum. Og ég þori jafnvel að lofa því, að vorið mundi verða meir en í meðallagi gott, ef bók þessari verður tekið nokkurnvegin eins og rétt er. Ástæðan er sú, að slíkt mundi greiða fyrir sambandi voru hér á landi við góðar lífstöðvar alheimsins. En það virðist vera óhætt að álykta, að árferði sé því nokkuð háð hvernig slík sambönd eru, og þangað sé t. d. að rekja, hve mjög illt árferði er samfara styrjöldum og eftirköstum þeirra. En styrjaldirnar skapa mannkyni voru samband við ennþá verri lífstöðvar en jörð vor hefir þó verið til þessa.

VI

Er þá komið að bókarlokum. Er ég að vona, að færri prentvillur verði hér, en í fyrri bókum mínum; Ásgeir Guðmundsson hefir verið svo vandvirkur, og það gerir prófarkalesturinn svo miklu auðveldari. Ekki allfáar prentvillur voru í Sannýal, næstu Nýalsbókinni á undan þessari, og ætla ég ekki á þær að minnast hér, aðeins á eina misritun mína sem nokkrum misskilningi getur valdið. Á s. 113 þeirrar bókar er komist að orði eins og Calvín hefði látið brenna Servet, áður en hann kom til Genfar, vegna þess að ég hefi í ógáti ritað „hafði staðið“, fyrir „stóð“¹⁾.

Það getur verið hjálp til að átta sig á prentvillum, ef munað er eftir hættunni á að sami stafur sé of oft endurtekinn. Þannig stendur t. d. í Sannýal s. 127, „pindingarherbergi“ fyrir pindingaherbergi“, af því að stafurinn „r“ er svo oft endurtekinn þar í næstu orðum.¹⁾

Ekki þarf að efa, að ég er þeim öllum þakklátur sem hafa á nokkurn hátt að því unnið, að bók þessi kemur fyrir almennings sjónir. Er það margt, sem aðrir þurfa að vinna, vel og samviskusamlega, áður handritið á skrifborði höfundar, er sem bók komið í hendur lesenda, þeim til gagns og gleði — ef bókin er góð.

Mars, 1947.

1) Leiðrétt í Sannýal, 3. útg.